

Mosfellsbær, 6. apríl 2021

Erindi til skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar,

Með erindi þessu óskum við undirritaðir eigendur og íbúar að Merkjateigi 4, 270 Mosfellsbæ, Valgeir Þorsteinsson kt. 070784-2979 og Tinna Jónsdóttir kt. 011283-2689, eftir því að stækka skilgreinda lóð að Merkjateig 4 til suðvesturs um 16 m út að lóðarmörkum leikvallar sem er í eigu Mosfellsbæjar sbr, mynd 1. að neðan. Til vara er sótt um að stækka lóð um 5 metra til suðvesturs, sbr. mynd 2.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af kortasjá Mosfellsbæjar. Útlínur lóðamarka sem sótt er um eru merktar með rauðri línu. Leikvöllur er gullitaður.

Umræddur leikvöllur er kominn nokkuð til ára sinna og hefur lítið aðdráttarafli sé litið til ástands svæðisins. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir umrætt svæði og ekki hefur verið unnið deiliskipulag fyrir þennan hluta Teigahverfisins. Þó að aðsókn á leikvöllinn sé alla jafna lítil þá hefur borið á ónæði frá leikvöllum og jafnvel dæmi um að rusl, sígarettustubbar og hundaskítur hafa verið skilin eftir og jafnvel kastað yfir á lóð umsækjenda. Leikvöllurinn er í miklu návígi við íbúðarhús umsækjenda eða innan við 5 m og snýr leiksvæði að svefnherbergisálmum Merkjateigar 4. Færa má rök fyrir því að leiksvæði í svo miklu návígi við sérbylí sé óheppilegt með tilliti til næðis og friðhelgi einkalífs.



Mynd 2. Yfirlitsmynd af kortasjá Mosfellsbæjar. Úlínur lóðamarka sem sótt er um til vara eru merktar með rauðu. Leikvöllur er gullitaður.

Með því að stækka lóð yrði meira samræmi milli lóðastærðar, samanborið við önnur sérbýli í hverfinu, og yfirbragð og ásýnd svæðisins myndi falla betur að núverandi íbúabyggð. Núverandi afmörkun lóðar við Merkjateig 4 takmarkar nýtingar- og útfærslumöguleika umsækjenda á lóðinni. Markmið með stækkun lóðar eru m.a. betri möguleikar til garð- og matjurtaræktar auk þess sem farið verður í að lagfæra girðingar við útmörk lóðar svo þær falli betur að umhverfi sínu og yfirbragði svæðisins. Fyrirhugað er að reisa skjólvegg allt að 1.80 cm á hæð á lóðarmörkum í samráði við lóðarhafa Merkjateigs 2 og 6. Áform umsækjenda hafa verið viðruð og kynnt munnlega fyrir eigendum Merkjateigs 2 og 6 sem hafa tekið vel í áform umsækjenda.

Stutt er í aðrar leikvelli á svæðinu m.a. í Víðiteig og Tröllateig ásamt útivistarsvæði að Stekkjarflöt. Þau leiksvæði þjóna betur íbúum svæðisins meðal annars með tilliti til öryggis og afþreyingar. Er það mat umsækjenda að umræddur leikvöllur þjóni ekki lengur tilgangi sínum ásamt því að falla illa að núverandi byggð og heildaryfirbragði svæðisins.

Virðingarfyllt,

Tinna Jónsdóttir

Valgeir Þorsteinsson